EKKO
BERGMÁL FORTÍÐAR

Framtíðarskipulag fyrir
Öskjuhlíð

EKKO er tillaga að framtíðarskipulagi fyrir Öskjuhlíðarsvæðið og sýnir hvernig stjórna eigi gróðri og hvernig haga á stígakerfi svæðisins. Þannig eru sviðsettir og sameinaðir spennandi útivistarmöguleikar á svæðinu ásamt því að vera tengdir byggingum-, náttúru-, sögu - og menningarminjum Öskjuhlíðarinnar á margvíslegan hátt. Við að tengja og styrkja þessi atriði stuðlar tillagan að mikilvægri heild Öskjuhlíðarsvæðisins, skapar sterka ímynd og auðkenni og stuðlar jafnframt að fjölbreytri upplifun fyrir núverandi notendur svæðisins og notkun til framtíðar. Meginámersla tillögunar er að virkja þá sérstöku eiginlega sem Öskjuhlíðin býr yfir, gera þá sýnilega og koma þar með í veg fyrir að ímynd svæðisins og saga þynnist út og hverfi með tímanum.

Markmið tillögunnar er að vinna út frá sveigjanlegri hugmynd í formi svæða eða sóna, sem myndast út frá fáum en mjög mikilvægum línum í landslaginu. Þessar línur hafa einkennt Öskjuhlíð frá bæði á jörðu og úr lofti síðustu 100 ár. Línurnar myndast út frá flugbrautum og aðflugslínum Reykjavíkurflugvallar. Hugmyndin er at þessar línur sem mynda eins konar EKKO eða bergmál frá flugbrautum Reykjavíkurflugvallar marka spor i landslagið á þann hátt að þær eru framlengdar og styrktar.

Línurnar mynda níu svæði eða sóna. Með því að staðsetja þær er lögð áhersla á að línurnar eða sónarnir gefi möguleika á að skapa gagnvirkni milli núverandi gróðurlendis, nýs gróðurlendis ásamt endurvakningu á gömlu gróðurmynstri og minjum. Auk þess er lögð áhersla á að mikilvæg atriði eins og útsýni, skipulag og aðgengi, ásamt því að tiltekin svæði munu verða styrkt.

Þrjú svæðanna eða sónanna eru gerðar líkt og opnir öxlar, sem tryggja eiga frítt útsýni, skipulag og gott aðgengi. Auk þess tryggja þau ekkó eða bergmál fortíðar með því að endurskapa neðsta hluta gróðursvæðisins sem er móagróður og gamli hafsbotninn. Fimm svæði eða sónar eru hugsuð sem [illegible] gróðursvæði þar sem línurnar eru [illegible] þrívídd með hjálp háyaxta gróðu[illegible] vera kennileiti í landslagi Reykjavík[illegible] hægt er að glöggva sig [illegible] eða sónn sem er tengisvæði [illegible] framhald af lendingarbraut 13-31 [illegible] gefa jákvæða upplifun af nálægð flugvallarins.

Venjan er sú að koma með nýjungar í sambandi við úrvinnslu á framtíðarskipulagi. Tillagan EKKO - bergmál fortíðar sýnir hið gagnstæða. Tillagan leggur upp úr því að fjarlægð verða hin „röngu“ atriði til að fá fram, og leggur áherslu á þá góðu hluti og rými, sem liggja falin í gróðursvæðinu í dag. Hugsunin er með öðrum orðum, að svæðið hafi nú þegar að geyma þau efni og möguleika sem til þarf, það þarf aðeins að hefjast handa við endurskipulagningu. Í einstka tilfelli þar sem hefur verið bættnokkruviðsvæðineðasónana,erþaðgróður eða efni sem fyrir finnst á eða nálægt svæðinu.

Með því að endurheimta sögulegan gróður á suðurhluta svæðisins er tekið á hinum nauðsynlegu öryggismálum í sambandi við aðflugslínur flugvallarins, þannig að hæð gróðurs er stýrt á þeim tveimur gróðursvæðum eða sónum sem eru í aðflugsstefnu vallarins. Niðurstaðan er sú að gróðursvæðin eða sónarnir eru skýr stefna fyrir frekari gróðursetningu og viðhaldi skógarins og útliti hans.

9. Snið A1-A2
Hin nýju og uppkvistuðu birki og reynitré standa í mótvægi við hinn þétta og einsleita skógarjaðar, sem einkennist af greni- og furutrjám. Hin nýju tré skapa þar með mismunandi sýn bæði á svæinu og í skógarjaðrinum.

8. Snið B1-B2
Núverandi gróður á gróðursvæðunum verður uppkvistaður. Með því skapast birta, sem aftur á móti skapar nýjan gróður á völdum stöðum í skóginum. Auk þess munu hin uppkvistuðu gróðursvæði skapa ný rými og aðgengi utan við stígakerfið.



2. Módelmyndirnar sýna mismunandi hlutverk svæðanna eða sónanna. Gróðursvæðin eða sónarnir fimm samanstanda af núverandi gróðursvæðum, sem verða uppkvistuð til að skapa útsýni og auka birtu, sem á aftur á móti mun gera að verkum að nýr gróður vex upp á ákveðnum stöðum. Þar sem gróður teygir sig út fyrir núverandi skóg mun verða plantað nýjum gróðri í raðir sem einnig verða uppkvistaðar. Með tilliti til hinna þriggja útsýnisöxula þarf að fjarlægja 80% af núverandi skógi til að rýma fyrir móagróðrinum og gamla hafsbotninum, en hvað viðkemur síðasta svæðinu eða sónanum er hægt að nota efni frá umhverfinu til að skapa nálægð við flugvöllinn.





3.Skipulagið á stígakerfi svæðisins miðar að því að draga fram sérstaka eiginleika svæðisins og þannig styrkja það sem heild og auka sérstöðuna. Myndirnar sýna hvernig útivistarsvæði Öskjuhlíðarinna er tengt við byggingar og minjar, sem á árangursríkan hátt bindur einnig svæðið saman. Stígakerfið leiðir gesti um svæðið á náttúrulega-, menningarlega- og sögulega gönguleið, sem nær yfir allt svæðið. Dæmi um þetta er að stígur sem lagður er um hið forna flæðarmál, er styrkir sögulegar frásagir um svæðið. Til að styrkja áhrif stígakerfisins bæði á náttúrulega upplifun og séreinkenni svæðisins er það mikilvægt að við lagningu þess sé lögð áhersla á þá hugmynd að nota efni sem fáanleg eru af svæðinu sjálfu. Til að tryggja náttúrulega upplifun ásamt upplifun af sérstökum rýmum skógarins og vaxtarformum er það mikilvægt að stígakerfið undirstriki þessar upplifanir. Það þýðir sem sé að við úrvinnslu og lagningu stígakerfisins er lögð áhersla á að láta þá fylgja grófum einkennum landslagsins ásamt því að láta þá hlykkjast um það og þannig auka og undirstrika kraftinn í flókinni náttúrusköpuninni.

4.

Göngustígar á svæðinu eru litið formaðir og líkari troðningum. Stígarnir, sem liðast um svæðið gegnum gróðurinn, gefa notandanum sterka tilfinningu fyrir því að vera leiddir um þá staði þar sem náttúruupplifunin er sterkust og náttúran fegurst.

Stígarnir á svæðinu eru erfiðir yfirferðar mikinn hluta vetrarins vegna íss og klaka sem þekur jörðina.

Sitkagrenitrén sem plantað var um 1950 hafa nú náð um 20 metra hæð. Ævintýralegt útlit þeirra gefur einstaka skógarupplifun í miðbæ Reykjavíkur.

Ævintýralegt útlit Sitkagreni-trjánna gefur einstaka skógar-upplifun í miðbæ Reykjavíkur. Þessi hávöxnu tré framkalla, ásamt kræklótta íslenska birkinu, sérstaka rýmismyndun og mynda /skapa mótvægi við hið opna landslag sem er aðeins í fimmtíu metra fjarlægð.

Hægt er að skoða hafsbotn frá ísöld í 43 metra hæð. Milli stórra steina vex íslenskur frumgróður og smá jurtir sem finna skjól í þessu grófa umhverfi.

Hið grófa umhverfi myndar ásamt gróðrinum fleiri eindir á svæðinu. Þessir staðir hafa í tímans rás myndað ramma umhverfis „náttúrulega" samkomustaði.



Hinn íslenski birkiskógur gefur með sínum kræklóttu stofnum og gróskumikla botngróðri möguleika á alveg einstakri rýmis- og birtuupplifun.

Hinn súri og tegundafátæki skógarbotn gefur möguleika á að upplifa hið grófa umhverfi, þar sem skapast einstök náttúruupplifun í skóginum. Sjálfsáð fræ hafa smám saman vaxið og orðið að stórum trjám sem teygja sig í átt að birtunni.

Striðsminjarnar hafa skilið eftir á svæðinu hrjúfar minningar og efni, sem gerir notanda kleift að upplifa alvarleika striðsins. Þær standa andspænis frumgróðrinum, sem hefur fengið að vaxa villtur í formi 3-4 metra hárra reyni- og birkitrjáa.

10.

Myndin sýnir hvernig tengis-væðið við flugvöllinn er hugsað í einingum úr steinsteypu með flugbrautarljósum ofaná. Stein-steypu má finna í striðsminjum í umhverfinu og tengisvæðið mun þannig skapa heild á svæðinu og styrkja sérkenni þess. Umhverfis steyptu einingarnar eru upp-kvistuð furu -og birkitré.

Tengisvæðið er hugsað til að skapa jákvæða tengingu við flugvöllinn, sem er mjög áberandi þáttur í úrvinnslu að framtíðarskipulagi Öskjuhlíðar. Myndin sýnir hvernig tengisvæðið getur verið með í að skapa nýja og öruvísi úti-upplifun.

Myndin sýnir hvernig hin uppkvistuðu núverandi tré geta skapað grundvöll fyrir að nýr gróður muni geta vaxið upp í skóginum. Með tímanum mun þetta hafa í för með sér að línur svæðisins verða styrktar bæði útlitslega og í fjölbreytni.

Myndin sýnir hvernig hægt er að endurnýta efni úr skóginum og þar með styrkja einkenni skógarins. Við grisjun skógarins við td. myndun furu -og birki-skógarins væri upplagt at nota efnið til að mynda sérstakar og nýjar rýmisupplifanir.

Myndin sýnir hvernig hægt er að nota afgangsefni til að skapa nýja óformlega og spennandi stíga á svæðinu.

Myndin sýnir hvernig hin upp-kvistuðu og kringdu birkitré í núverandi skógi geta myndað sérstök rými og skapa (auka) birtu.

Myndin sýnir hvernig hægt er að mynda stíga og taka tillit til land-slags sem fyrir er.

Myndin sýnir hvernig uppkvis-tuðu tréin sem teygja sig út fyrir núverandi skóg, eiga að mynda EKKO – bergmál, með margendurteknum trjáröðum

Myndin sýnir upplifun á „Móanum"

5. Sniðið sýnir svæðið í kringum gryfjurnar eins og núverandi ástand er.
Svæðið í kringum striðsminjarnar hefur verið tiltölulega laust við gróður fram til þessa og þar hefur aldrei átt sér stað skipulögð gróðursetning. Undanfarið hefur þó gróðurinn tekið við sér. Sem afleiðing af góðu skjóli og góðum vaxtarskilyrðum hafa vaxið birki- og reynitré í allt að 4 metra hæð. Tréin og hin íslenska gróðurþekja, sem er á svæðinu, standa í andstæðu við hið grófa og úfna svæði.

6. Sniðið sýnir svæðið í kringum gryfjurnar eins og það gæti litið út eftir ca. 10 ár ef ekkert aðhefst á svæðinu.
Hin góðu skjól- og vaxtarskilyrði hafa í för með sér að svæðið mun líta allt öðru vísi út eftir u.þ.b. 10 ár ef ekki verður gripið inn í þessa þróun. Hin sjálfsáðu tré munu vaxa hærra og þéttar og í framtíðinni munu fura og greni berast inn á svæðið. Hægt munu skuggaþolnar plöntur taka yfir og ríkja á striðsminjasvæðinu og hinu grófa svæði og botngróðurinn mun hverfa. Sem afleiðing af þessu mun sagan og þar með einkenni svæðisins þynnast út.

7. Sniðið sýnir nýtt útlit gryfjunnar sem er nú hluti af útsýnisöxli í átt að Hallgrímskirkju. Gott útsýni og náttúruleg upplifun af EKKO -bergmál fortíðarinnar er skapað með því að fjarlægja 80 prósent af núverandi gróðri úr axlarsvæðinu. Sá gróður sem eftir er, hefur verið valinn með því að skoða allan gróður sem fyrir er. Hann á að mynda sérstakar rýmiseindir og rými í umhverfinu, t.d. með trjám sem hafa sérstök sérkenni sem annaðhvort standa ein eða saman í þyrpingu. Það geta líka verið tré sem framkalla sérstaka áferð og styrkja þar með einkeni svæðisins.

Umhverfið í kringum gryfjurnar verður hreinsað af gróðri, en hin sjálfsáðu reynitré fá leyfi til að standa. Hið einstaka útlit þeirra, fagurlöguð blöðin, rauð berin fagrir hauslitir standa í mótvægi við hið grófa umhverfi svæðisins og skapa þar með sérstaka upplifun.